

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 54/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Erlendssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b-, c- og d-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst ákærði þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur sæti ómerkingu og málinu verði vísað heim, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, en til þrautavara, að refsing verði milduð.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu, en jafnframt þyngingar á refsingu.

Hinn 3. apríl 1997 var að tilhlutan verjanda tekin skýrsla af einu vitni, sem hafði ekki áður komið fyrir héraðsdóm vegna máls þessa eða verið yfirheyrt af lögreglu. Var endurrit úr þingbók Héraðsdóms Reykjavíkur með framburði vitnisins lagt fyrir Hæstarétt.

Krafa ákærða um ómerkingu héraðsdóms er engum haldbærum rökum studd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Ákærði kvaðst í skýrslu fyrir lögreglu 22. janúar 1996 hafa slegið með vinstri hendi aftur fyrir sig, og „lenti höggið í Þórhalli“. Ákærði sagðist ekki kannast við að hafa „skallað Þórhall í framan“. Fyrir dómi 13. nóvember 1996 kannaðist ákærði ekki við að hafa „stangað“ Þórhall, en sagðist hafa slæmt hendinni aftur fyrir sig í átt til hans, og muni höndin hafa komið í hann. Hafi hún getað lent á munni hans. Með vísun til þessa framburðar ákærða og vitna, sem greind eru í héraðsdómi, telst sannað, að ákærði hafi veitt nefndum Þórhalli þann áverka, sem í ákæru greinir. Ummæli í lögreglu-

skýrslu, sem gerð var þegar eftir atburðinn aðfaranótt 10. desember 1995, þess efnis, að framtönn, sem Þórhallur kvartaði um dofa í, hafi vírst heil, haggá ekki þeirri niðurstöðu, að gerviframtönn í efri gómi hans hafi brotnað af völdum ákærða.

Áverkanum er nánar lýst í héraðsdómi, og styðst sú lýsing við vottorð tannlæknis og framburð hans, eins og nánar er rakið í dóm-inum. Telja verður, að brot ákærða varði við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var árás ákærða á Þórhall í tengslum við ýfingar, sem urðu á milli þeirra. Þegar litið er til þess og 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981, þykir refsing ákærða hæfilega metin í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður niðurstaða hans staðfest.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. nóvember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 808/1996: Ákærvaldið gegn Jóni Erlendssyni, sem tekið var til dóms 13. s. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 8. október sl., á hendur ákærða, Jóni Erlendssyni, kt. 250953-437, Bræðratungu 6, Kópavogi, „fyrir líkamsárás með því að hafa um klukkan 2.00 aðfaranótt sunnudagsins 10. desember 1995 á veitingahúsinu Kaffi Reykjavík á mótum Vesturgötu og Hafnarstrætis í Reykjavík, stangað Þórhall Björnsson, kt. 061253-491, í andlitið með höfði sínu með þeim afleiðingum, að framtönn í efri gómi Þórhalls brotnaði og tapaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var beðið um, að lögreglu-menn yrðu sendir í veitingastofuna Kaffi Reykjavík við Vesturgötu vegna líkamsárásar kl. 2.07 aðfaranótt sunnudagsins 10. desember 1995. Var þar fyrir Þórhallur Björnsson, kt. 061253-491, sem kærði það, að maður, sem hann þekkti frá gamalli tíð og var þarna staddur, ákærði í málinu, hefði stangað sig í andlitið að tilefnislausu. Segir í skýrslunni, að Þórhallur hafi verið með sprungna vör og kvartað um, að framtönn í efri gómi væri dofin. Tönnin hafi þó virst heil. Þórhalli hafi svo verið ekið á slysadeild. Í skýrslunni segir enn fremur, að ekki hafi verið kunnugt um vitni að þessum atburði. Fram hefur komið, að fjölmenni var á veitingastofunni, þegar þetta gerðist. Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar, læknis þar, mun Þórhallur hafa komið á deildina kl. 2.44, en ekki viljað una því að þurfa að sæta forgangsroðun og farið án þess að vera skoðaður. Í málinu er hins vegar vottorð Egils R. Guðjohnsen tannlæknis, dagsett 29. febrúar sl. Segir þar, að Þórhallur hafi fengið „högg á framtennur í efri og neðri góm með þeim afleiðingum, að +1 brotnaði og tapaðist. Það þurfti því að smíða brú“. Þá má ráða af vottorðinu, að aðrar framtennur hafi losnað, en óvíst sé, hvernig þeim reiði af. Ekki kemur fram í vottorðinu, hvenær Þórhallur leitaði til tannlæknisins með þessi meiðsli.

Ákærði neitar sök og kannast ekki við að hafa stangað Þórhall Björnsson, eins og segir í ákæru. Hann segist þekkja Þórhall frá fornu fari. Hann kveðst hafa setið við borð, þegar Þórhallur hafi komið þar aðvífandi og rífið í eyrað á sér. Hafi hann þá slæmt hendinni aftur fyrir sig í áttina til Þórhalls, og muni höndin hafa komið í hann. Hafi hún getað lent á munni hans. Hann kveðst svo hafa staðið upp og snúið sér að Þórhalli og þeir eitthvað stimpast. Dyraverðir hafi svo komið og fjarlægð Þórhall. Um það bil klukkutíma síðar hafi þeir kallað á sig fram í eldhús, og hafi Þórhallur verið þar og lögreglumaður að nafni Geir Jón. Hafi þar komið fram hjá mönnum, að ákærði hefði veitt Þórhalli einhverja áverka, en ekkert hafi þó séð á honum.

Þórhallur Björnsson segist hafa komið á Kaffi Reykjavík um hálféittleytið þessa nótt og verið þá vel þéttur, enda verið að koma frá „jólahlaðborði“. Innarlega í veitingastofunni hafi ákærði setið við borð ásamt fleirum, og kveðst hann hafa kastað kveðju á ákærða án þess að fara að borðinu og síðan haldið áfram för sinni og staðnæmst við barendann. Vitnið segir engin orðaskipti hafa farið á milli þeirra, en ákærði hafi staðið upp og komið til sín. Hafi hann búist við, að ákærði ætlaði að heilsa sér, en í stað

Þess hafi hann skallað sig á munninn, svo að sprakk fyrir og stíftönn losnaði úr efri gómi. Hafi tannrótin undir stíftönninni þríbrotnað. Þórhallur segist hafa farið strax næsta mánudag til Egils Guðjohnsen, sem sé tannlæknir sinn til margra ára. Hafi Egill verið þarna á veitingastaðnum um nóttina og telur, að þeir hafi hist þar. Þeir hafi þó ekki verið þarna saman.

Egill Guðjohnsen tannlæknir hefur komið fyrir dóm í málinu. Segist hann hafa verið staddur á Kaffi Reykjavík umrætt sinn og verið á leið út. Hafi hann þá séð í svip, hvar Þórhallur stóð við barenda í húsinu. Hafi hann svo séð, að maður skallaði Þórhall og Þórhallur greip fyrir munn sér og gekk svo í burtu. Kveðst hann þá hafa misst sjónar á honum. Hann segist fyrst aðeins hafa séð Þórhall og ekki séð árásarmanninn, fyrr en hann stangaði Þórhall. Þórhallur hafi hringt í sig daginn eftir og sagst vera tannbrotinn. Hefði hann spurt sig, hvort hann hefði séð árásina, og vitnið sagt svo vera. Hann segist hins vegar ekki hafa sett þetta í samhengi við það, sem hann sá til Þórhalls og mannsins, enda hefði hann ekki talið þetta vera neitt högg, þegar hann sá þetta gerast.

Vitnið segir tönn þá, sem brotnaði úr Þórhalli, vera stíftönn og að þær séu miklu viðkvæmari fyrir höggum en heilar tennur. Vitnið segir, að stíftennur séu þeirrar gerðar, að borað sé upp í dauða tannrót og settur pinni í, og postulínskróna sé svo um hinn enda pinnans.

Vitnið Ámundi Sigmundsson kveðst hafa setið við borð með ákærða. Segir hann, að hann hafi séð, hvar maður stóð fyrir aftan ákærða. Hann hafi séð ákærða slæma hendinni aftur fyrir sig, en sér þyki ólíklegt, að höggið hafi lent á manninum. Skyndilega hafi ákærði sprottið á fætur og snúið sér að manninum og þeir gripið hvor í brjóst annars. Hafi einhverjar stimpingar hafist með þeim og leikurinn borist aðeins frá borðinu. Kveðst hann þá hafa gengið til þeirra og náð ákærða frá manninum. Hann hafi engin högg séð fara á milli þeirra og enga áverka séð á hinum manninum. Hann telur sig hafa séð öll átökin. Hafi ekkert skyggt á og hann snúið að þeim allan tímann. Ekki hafi hann séð ákærða skalla manninn og telur, að hann hefði séð það, hefði svo verið. Hann kveðst ekki drekka áfengi og því verið allsgáður.

Vitnið Hreinn Hjartarson kveðst hafa verið að vinna við dyravörslu á Kaffi Reykjavík umrætt sinn. Hann hafi verið á eftirlitsferð um veitingastofuna og þá séð tvo menn í átökum og haldið hvor í annan. Mennirnir hafi eitthvað verið að munnhöggvast, og þegar hann kom nær þeim, hefði hann séð, að annar þeirra var blóðugur um munninn.

Vitnið Margrét Guðjónsdóttir segist hafa setið við borð með ákærða, þegar maður hafi komið þar aðvifandi og kippt í eyrað á honum. Hann hafi

þá eins og slæmt hendinni aftur fyrir sig. Segist hún vera viss um, að höndin hafi ekki náð að lenda í andliti mannsins, og ekki hafi hún séð áverka á honum eftir þetta. Ákærði hafi staðið upp og þeir tekið hvor í annan og stimpast. Hún kveðst ekki hafa séð nein högg fara á milli þeirra og ekki séð, að ákærði skallaði hinn manninn, en hún hafi fylgst með átökunum til enda. Dyraverðir hafi svo komið þarna að, og eitthvað hafi verið rætt um þetta. Segist hún hafa álitid þetta svo smávægilegt, að hún hafi ekkert skipt sér af þessu.

Ákærða og Þórhalli ber saman um, að með þeim hafi verið fáleikar allt frá kynnum þeirra í skóla.

Niðurstaða.

Mjög mikið ber á milli í frásögnum manna af atburðinum. Þórhallur Björnsson hefur eindregið borið, að ákærði hafi stangað sig í andlitið, og nýtur sú frásögn hans stuðnings af vætti Egils Guðjohnsen. Þá er þess að geta, að ákærða og þremur vitnum ber saman um það, að þeir Þórhallur hafi verið í átökum. Loks er þess að geta, að Þórhalli og vitninu Hreini, sem telja verður óvilhallan sjónarvott, ber saman um það, að Þórhallur var meiddur í munni eftir átökin. Þegar einnig er litið til vættis Egils Guðjohnsen tannlæknis um áverkann, telur dómurinn það vera sannað, að ákærði hafi veitt Þórhalli þann áverka, sem lýst er í ákæru, með því að stanga hann í andlitið, og telst hann hafa brotið gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að árás ákærða á Þórhall hafi ekki verið gerð upp úr þurru, heldur standi hún í sambandi við ýfingar þeirra á milli.

Meðal málgagnanna er bótakrafa Leifs Árnasonar hdl. f. h. Þórhalls Björnssonar. Kröfu þessarar er ekki getið í ákæru, og kemur hún því ekki til álita í málinu.

Refsing, sakarkostnaður.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir málið. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, en verjandi ákærða hefur afsalað sér rétti til málsvarnarlauna.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Erlendsson, sæti varðhaldi í 20 daga. Frestað er framkvæmd refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur.
